

FUNDUR FFM

Mættir voru Baddý, Lovísa, Karólína, Íris og Þórey

Umræðuefni:

1. Foreldri barns í 10. bekk mætti á fund FFM og vildi ræða nokkur mál.

Hún kom með þá hugmynd að fá 10. bekk til að taka að sér frímínútnavörslu .

Kom upp sú hugmynd að ræða við íþróttakennara og fá hugmyndir af leikjum.

Einnig ræddi hún um mikilvægi þess námsráðgjafi kæmi í skólann. Bryndís skólastjóri mun auglýsa stöðuna í vor.

2. Jólaföndur

Ákveðið að FFM muni standa fyrir jólaföndri í desember fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra. Rætt var um hvernig jólaföndur ætti að bjóða upp á og skipti stjórnin með sér verkefnum. Jólaföndrið verður haldið 26. nóvember frá kl 17-19

3. Rætt var um að fá Siggu Dögg kynfræðing til að vera með kynfræðslu fyrir 9. – 10. bekk. Baddý ætlar að hafa samband við Siggu Dögg og Bryndísi skólastjóra og finna út hvaða tími hentar best

4. Hafragrautur. Rætt var um hafragrautinn sem er í boði fyrir nemendur Myllubakkaskóla á morgnana. Þetta er frábært framtak sem verður vonandi vel nýtt af nemendum.

5. Markmið handbókar yfirfarin. Skúli ætlar að fara yfir handbókina og laga það sem þarf að laga.

6. Ávaxtastund: Rætt um hvort setja ætti af stað ávaxtastund í skólanum. Þannig að skólinn biði upp á ávexti tvisvar í viku gegn vægu gjaldi. Baddý ætlar að ræða þetta við Bryndísi.

Næsti fundur áætlaður 11. nóv kl 19:30

Fundarritari:

Íris Dröfn Björnsdóttir